

122

23. nóv.

- a. Fullverkaður fiskur.
- b. Fiskur, sem kominn er talsvert áleiðis til fullverkunar, en eigi er lokið verkun á. Fylgi hverri tilkynningu um hann vottorð matsmanna um það, á hverju verkunarstigi hann er. Fer þá um móttöku á honum og greiðslu verðs eftir samkomulagi við nefndina.
- c. Fiskur í salti sem legið hefir 28 daga eða lengur.
- d. Fiskur í salti sem legið hefir skemri tíma.

Þann fisk, sem síðar aflast fram til ársloka, skal tilkynna nefndinni um í síðasta lagi 15. janúar næstkomandi.

Jafnskjótt og fiskurinn er hæfur til mats, skal hann þegar metinn og hin ákveðnu skjöl um vigt og mat sendast nefndinni. Fer þá um greiðslu fiskverðsins svo sem að framan er mælt, sbr. einnig tilkynningar nefndarinnar, nr. 1 og nr. 5.

Reykjavík, 20. nóvember 1918.

Thor Jensen. Pjetur Jónsson. O. Benjamínsson.

123

20. nóv.

Auglýsing

um tilboð í eftirstöðvar af þessa árs framleiðslu af fiski.

Frá Útflutningsnefndinni.

Með því að ýmsir hafa farið þess á leit að fá tækifæri til að gera tilboð í eftirstöðvar þær af þessa árs fiskframleiðslu, sem umfram verður söluna til fulltrúa Bandamanna, og sumir jafnvel að fá ákveðið fiskmagn á hendina, til þess að útvega kaupendur að, þá hefir Útflutningsnefndin ákveðið að gefa sem flestum tækifæri til að geta komið til greina við kaup á fiskinum, eftir því sem um getur samist.

Eftir því sem næst verður komist um fiskmagnið, hyggur nefndin að til **123**
muni verða óselt: 20. nóv.

- a. Fullverkaður fiskur: Um 2500 smál. af stórfiski,
 — 60 — - smáfiski,
 — 200 — - löngu,
 — 160 — - ýsu,
 — 30 — - keilu,
 — 60 — - ufsa.
 — 800 — - Labradorfiski,
 og þar af lítið eitt af Labradorýsu.
- b. Óverkaður fiskur: Um 300 smál af stórfiski,
 — 250 — - smáfiski,
 — 30 — - löngu,
 — 100 — - ýsu.

Þessar tölur eru eigi fyllilega nákvæmar, en væntanlega verður full-
verkaður fiskur eitthvað meiri, og óverkaður fiskur miklu meiri, með því líka að
við bætist það, sem hjer eftir veiðist til ársloka.

Hjermeð tilkynnist því, að fram til 15. desember næstkomandi tekur
Útflutningsnefndin á móti tilboðum í fiskinn frá ábyggilegum kaupendum, og sjeu
tilboðin miðuð við sölu eftir vigtar- og matsvottorðum, sem nefndin hefir tekið
gild. Tilboðin má gera hvort heldur sem vill í meiri eða minnihluta fiskjarins.
Tekið skal fram, að kaupandi greiði útflutningsgjald og stimpilgjald af fiskinum.
Enn fremur sjeu tilboðin miðuð við að fiskurinn sje afhentur kaupanda um borð,
stakkað í skipslest kaupanda á höfnum, sem nefndin hefir samþykkt sem útflutn-
ingshafnir, sbr. tilkynningu Útflutningsnefndar, nr. 10.

Aðallega liggur fiskurinn í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Austfjörðum
og lítill hluti á Vestfjörðum.

Öll tilboð afhendist nefndinni í lokuðum umslögum, sem verða opnuð
15. desember, og ákveður nefndin eftir þann tíma, hvort taka skuli tilboðunum
eða ekki, allt eftir því hvaða skilyrði fyrir sölu þá eru fyrir hendi.

Nánari upplýsingar um þetta og önnur atriði, fást á skrifstofu Útflutnings-
nefndarinnar, sími 751.

Reykjavík, 20. nóvember 1918.

Thor Jensen. Pjetur Jónsson. O. Benjaminsson.